

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing Örfirisey



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	31.10.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Ásta Maack
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Ásta Maack
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	356850,845 409700,409

### Niðurstaða eftirlits

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi og einni ábendingum komið á framfæri. Fljótt var tekið á fráviki og telst því nú lokið.

### Umfang eftirlits

Dagskrá:

1. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða kynnt
2. Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda kynnt
  - a. Tilkynningar vegna mengunaróhappa
  - b. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
3. Ástand olíugeyma, olíuskilja og lagna athugað
4. Staða frávika og athugasemda úr fyrri skýrslu athuguð
5. Rennt yfir skilyrði í starfsleyfi

1.&2. Í eftirliti var fundað með fulltrúum Olíudreifingar ehf. og gögn, s.s. áhættumat og viðbragðsáætlanir kynntar. Kerfisbundið mat á umhverfisáhættu var útskýrt sem og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda sem þarf að vera til staðar á starfsstöðinni.

3. Mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar voru yfirfarin. Starfsleyfi, flæðirit, afsöðurit og viðbragðsáætlun voru til staðar og aðgengileg í stöðinni. Allir olíugeymar hafa verið þykktarmældir á síðustu tíu árum. Tengiliður sendi Umhverfisstofnun botnþykktarmælingar á geymum nr. T0024, T0106, T0175 og T0177. Næst skal þykktarmæla geymi nr. T1049 á næsta ári. Lagnir voru mældar 2018, en Skeljungur sér um mælingar á olíuskiljum.

4. Samkvæmt fyrri eftirlitsskýrslu var gerð athugasemd við sprungur í gasolíuþró á svæðinu. Í eftirlitsferð 2019 sýndi tengiliður reikning frá Colas ehf., sem fyllti í og gerði við sprungurnar 2018. Olíuþró lýtur nú vel út. Eitt frávik kom fram í fyrri skýrslu sem segir til um að Olíudreifing hafi ekki leyfi til þess að meðhöndla spilliefni, þar með talið úrgangsolíu, á svæðinu. Samkvæmt tengilið, eru þrjú þúsund rúmmetrar af úrgangsolíu geymd og meðhöndluð árlega á svæðinu. Úrgangsolía er geymd í geymum C01, S14, H07 og H08. Tengilið var bent á að hafa samband við teymi starfsleyfa um áframhaldandi geymslu og meðhöndlun á úrgangsolíu þar sem starfsemi er ekki í samræmi við starfsleyfi. Umhverfisstofnun vinnur að afgreiðslu ráðgefandi álits, þegar það liggur fyrir verður tekin afstaða til umsóknar um breytingu á starfsleyfi.

5. Reglubundin þjálfun starfsmanna, umhverfismarkmið, og trygging fyrir bráðamengun (SDR) liggja fyrir. Sorp er flokkað á stöðinni og skilað til viðeigandi móttökuaðila. Starfsstöðin snyrtileg og skipulögð.

Grein 2.1 í starfsleyfi -varnir gegn mengun ytra umhverfis

Í eftirliti var gufuendurnýtingarbúnaður athugaður. Samkvæmt mælingum fór meðalstyrkur bensíngufu upp fyrir 35 g/Nm<sup>3</sup>/klst í tvö skipti, nánar tiltekið 46 g/Nm<sup>3</sup>/klst í tvær klukkustundir í tvígang (þann 12.október 2019). Brugðist var við bilun í búnaðinum stuttu seinna og telst frávik í því lokið.


### Ábendingar

Meðhöndlun spilliefna (úrgangsolíu) fer enn fram á olúbirgðarstöðinni, en frávik þess efnis var skráð í síðasta eftirliti. Frávik þetta stendur því enn opið. Samkvæmt grein 1.2 í starfsleyfi er eingöngu heimil móttaka á úrgangsolíu en ekki meðhöndlun. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi og er sú umsókn í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Rekstraraðila hefur verið bent á að óheimilt er að stunda vinnsluna þar til tilskilin leyfi liggja fyrir. Rekstraraðili hefur nú fengið leiðbeiningar um næstu skref.

### Annað

Tilkynning barst um bilun í gufuendurnýtingarbúnaði þann 8.október. Fljótlega gekk að gera við.

Reykjavík, 14.01.2020



Ásta Maack

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta





